



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórnar

Reykjavík, 16. apríl 2012

Breytingar á reglugerðum KSÍ

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 12. apríl breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga

Breyting á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga

*Eftirfarandi breytingar eru gerðar á **grein 5.2**, gamla orðalagið yfirstrikað - nýtt orðalag feitletrað:*

KSÍ gefur út vallarleyfi í samræmi við reglugerð þessa að fenginni umsókn frá félaginu sem á eða nýtir völlinn. Umsókn um það skal berast KSÍ eigi síðar en ~~1. apríl~~ **15. janúar** þar sem fram kemur hvaða forsendur og kröfur völlurinn uppfyllir. Í framhaldi af því tekur KSÍ leikvanginn út og metur stöðu hans. Vallarleyfið skal gefið út til **allt að** tveggja ára í senn, í samræmi við stöðu leikvangs og reglugerð og skal það liggja fyrir ~~15. apríl~~ **1. febrúar** á útgáfuári. Stjórn KSÍ getur þó hvenær sem er afturkallað eða breytt vallarleyfi ef ástæða þykir til.

*Eftirfarandi breytingar eru gerðar á **grein 14.6**, - nýtt orðalag feitletrað:*

Búningsherbergi skulu þannig staðsett að sem styst leið sé frá þeim að leikvelli. Leið leikmanna og starfsmanna leiks skal lögð sléttu og mjúku undirlagi en þó ekki hálu (t.d. teppi, gúmmídukk eða svipuðu) **á leikvöllum með grasi**, og vera lokuð almenningi og starfsmönnum fjölmiðla. Þessu skal framfylgt þannig að tryggt sé að áhorfendur geti ekki veist að þeim (skýli, girðing, gæslulið). Sömuleiðis skal öryggi þeirra tryggt við komu og brottför frá leikvangi. KSÍ setur kröfur um gæslu við leið leikmanna og starfsmanna að og frá leikvelli eftir því sem ástæða er til.

Bætt er við nýrri grein 21.4 (feitletrað) – núverandi grein 21.4 verði 21.5:

Flokkur A, B, og C: KSÍ heimilar jafnframt að áhorfendastæði séu notuð í leikjum á vegum þess, og er æskilegt að þau séu skipulögð. Með skipulögðum áhorfendasvæðum er átt við uppbyggð stæði með varanlegu undirlagi (s.s. malbiki, hellum eða tímurbekkjum) eða setbekki og er reiknað með a.m.k. 50 cm stæðis- eða sætisbreidd á mann.

*Eftirfarandi breytingar eru gerðar á **grein 23.1**, gamla orðalagið yfirstrikað - nýtt orðalag feitletrað*

Flokkar A, B og C:

Hver leikvangur verður að hafa fullnægjandi salernisaðstöðu fyrir bæði kynin, og eigi fjær stúku en 120 m. Þar verða að vera vaskar með a.m.k. köldu vatni og þurrkur og/eða þerriblásarar. Salerni verða að vera björt, hrein og sótthreinsuð og koma þarf á vinnuferli sem tryggir slíkt í hverjum leik.

Þess er krafist að til staðar séu salerni fyrir bæði karla og konur. **Reikna skal með** ~~ög~~ a.m.k. ~~eitt einu~~ vatnssalerni fyrir hverja byrjaða 200 áhorfendur ~~ög~~ **eða einni** þvagskál fyrir hverja 125 áhorfendur í skipulögðum og samþykktum áhorfendasvæðum. Stærð, frágangur, staðsetning og fjöldi snyrtinga er einnig háð samþykki viðkomandi heilbrigðisyfirvalda.

Fremst í greinum 17.1, 24.1, 27.1, 28.1, 42.1 er bætt við orðunum:

Flokkar A, B og C:

Fremst í greinum 30.1, 35.1, 37.1 er bætt við orðunum:

Flokkar A og B:

Grein 44 er felld niður, og eftirfarandi greinar endurnúmeraðar í samræmi við það

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.
Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ